

227. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

26. júní 2013, kl. 11:00. Austurvegi 56, 2. hæð.

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Guðfinna Þorvaldsdóttir boðaði forföll.

1. Sameining SOS og SORPU.

Framkvæmdastjóri kynnti greinargerð sem unnin hefur verið af framkvæmdastjórum SOS og SORPU og kynnt hefur verið stjórn SORPU og SSH. Einnig voru kynnt drög að nýjum stofnsamningi.

Stjórn SOS boðar aðildarsveitarfélög SOS til kynningarfundar um stöðu sameiningar miðvikudaginn 21. ágúst nk.

Jafnframt óskar stjórn SOS eftir fundi með stjórn SORPU, 2. september nk.

2. Eftirlit UST á Kirkjuferjuháleigu.

Eftirlitsskýrsla UST frá 24. júlí sl. lögð fram til kynningar.

3. Skil á magntölum til UST.

Lagt fram bréf til UST, dagsett 11. júní sl., þar sem gert er grein fyrir úrgangsmagni ársins 2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30